



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Stúdentaráðsfundur
21. maí 2024

- T I L L A G A -

Stúdentakort sem aðgengileg eru í farsímum stúdenta

Stúdentaráð Háskóla Íslands (SHÍ) skal beita sér fyrir því að nemendur Háskóla Íslands geti fengið rafræn stúdentakort sem væru aðgengileg í farsímum stúdenta, til viðbótar við þau plastkort sem notuð eru í dag. Mikilvægt er að enginn aukinn kostnaður leggist á stúdenta.

- R Ö K S T U Þ N I N G U R -

Í gegnum tíðina hafa nemendur oft getað fengið stúdentakort sín útgefin á fjölbreyttan hátt, til að mynda hafa þau stundum verið aðgengileg í farsímum. Síðastliðin ár hefur þó aðeins verið hægt að fá stúdentakortið útgefið sem eiginlegt kort. Staðreyndin er sú að í þeim tæknivædda heimi sem við búum í, þá eru allflestir með farsíma við höndina en alls ekki allir eru með veski og öll sín kort á sér öllum stundum.

Ef horft er til þróunar í öðrum háskólum landsins, þá erum við að sjá þá það að nemendur annara háskóla geta fengið kortin útgefin í síma. Í Háskólanum á Akureyri eru kortin til að mynda gefin út í formi smáforrits og í Háskólanum í Reykjavík eru kortin aðgengileg í smáforriti hjá fjarskiptafyrirtæki.

Nauðsynlegt er að SHÍ beiti sér fyrir því að sú þjónusta sem Háskóli Íslands býður upp á sé eins aðgengileg og hentug og mögulegt er. Ljóst er að þróun sem þessi myndi vera mikið heillaskref og myndi bæta þjónustuna sem Stúdentakortin eru til muna.

Jóhann Almar Sigurðsson, Stúdentaráðsliði Vöku